



Reykjavíkurborg

Barnavernd Reykjavíkur

Alþingi

Nefndasvið

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík 5. nóvember 2014

Efni: Umsögn Barnaverndar Reykjavíkur um frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála, þingskjal 233 – 207. mál.

Í lagafrumvarpinu er lagt til að sameina sjö úrskurðar- og kæruneindir í eina. Mun því ein nefnd starfa með níu nefndarmönnum í stað sjö nefnda með 21 nefndarmanni. Samræma á málsmeðferðarreglur og auka sjálfstæði úrskurðarnefndarinnar með því að færa hana út úr ráðuneytinu. Með þessu á að ná fram aukinni framleiðni og skilvirkni í ríkisrekstri.

Af þessu tilefni verður Barnavernd Reykjavíkur að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Sérfræðibekking

Þær sjö nefndir sem stendur til að sameina starfa á gríðarlega ólíkum og breiðum grundvelli. Til kæruneindar barnaverndarmála er m.a. hægt að skjóta úrskurðum og stjórnsýsluákvörðunum barnaverndarnefnda skv. ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002. Barnaverndarmál eru afar viðkvæmur málaflokkur og við vinnslu þeirra er mikilvægt að vönduð málsmeðferð sé tryggð. Barnavernd Reykjavík lýsir yfir áhyggjum af því hvort í raun verði tryggt að fullnægjandi sérfræðibekking verði fyrir hendi í málefnum barna í nýrri úrskurðarnefnd. Einnig er lýst yfir efasemdum um að þau viðkvæmu mál sem kærunefnd barnaverndarmála fjallar um eigi samleið með þeim fjölmörgu öðrum málum sem úrskurðarnefndinni er ætlað að fjalla um og úrskurða í. Telur Barnavernd Reykjavíkur að mikil hættu sé á að erfitt verði fyrir nefndarmenn að ná utan um alla þessa málaflokka og hættu sé á að réttaröryggi verði ekki tryggt með slíkum breytingum þó viljinn sé góður. Í athugasemdum við 6. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 kemur eftirfarandi fram í umfjöllun um kærunefnd barnaverndarmála: “*Að öðru leyti er gert ráð fyrir að í nefndinni sitji fólk sem hefur sérstaka þekkingu á barnaverndarmálum vegna menntunar sinnar eða starfsreynslu*“. Kærunefnd barnaverndarmála er nú skipuð lögfræðingi, barnalækni, sálfræðingi og/eða félagsráðgjafa. Í ljósi þeirra viðkvæmu mála sem kærunefnd barnaverndarmála fjallar um leggur Barnavernd Reykjavíkur mikla áherslu á að ef til þessarar lagabreytingar komi verði tryggt að úrskurðarnefndin verði skipuð sérfræðingum í málefnum barna til að tryggja réttaröryggi og jafnræði borgara landsins þegar fjallað eru þau mál sem koma til hennar á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002.



Í 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins kemur fram að úrskurðarnefndin skuli kveða upp úrskurð eða gefa álit svo fljótt sem kostur er og **að jafnaði** innan þriggja mánaða eftir að henni berst mál nema sérstakar ástæður hamli. Í 3. mgr. 51. gr. barnaverndarlaga og 14. gr. nágildandi reglugerðar um kærunefnd barnaverndarmála 1007/2013 kemur fram að kveða skuli upp úrskurð svo fljótt sem kostur er og **eigi síðar** en innan þriggja mánaða frá því að mál var kært til nefndarinnar. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að ákvæði 3. mgr. 51. gr. barnaverndarlaga um að nefndin skuli kveða upp úrskurð eigi síðar en innan þriggja mánaða haldi gildi sínu. Bendir Barnavernd Reykjavíkur á að það komi þó ekki fram í frumvarpinu sjálfu en telja verður að það sé mikilvægt að slík undantekning komi þar fram, ekki sé nægjanlegt að hennar sé einungis getið í athugasemdum frumvarpsins.

Frestun réttaráhrifa

Í 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins kemur fram að úrskurðarnefndinni sé heimilt að fresta réttaráhrifum kærðar ákvörðunar ef sérstakar ástæður mæla með því. Í athugasemdum frumvarpsins er fyrrgreint ákvæði ekki rökstutt eða skýrt og verður að gera athugasemdir við það. Mikilvægt er að slíkt undantekningarákvæði sé rökstutt og skýrt frekar.

Skilvirkni og hagkvæmni

Fram kemur í frumvarpinu að þær breytingar sem í því felast eru í samræmi við tillögur hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar um aukna framleiðni og skilvirkni í ríkisrekstri. Er vísað til 22. liðs tillagnanna þar sem fram kemur m.a. „*Haft verði frumkvæði að því að sameina úrskurðarnefndir og auka hagkvæmni í störfum þeirra.*“ Þá kemur fram í fylgiskjali athugasemda frumvarpsins að verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs verði tæplega 50 m.kr. hærri en gert er ráð fyrir í fjárlögum ársins 2014 en þegar hefur verið gert ráð fyrir þeirri hækkun í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2015. Leggur Barnavernd Reykjavíkur áherslu á að komi til þess að þessi lagabreyting verði að veruleika verði hagkvæmni og skilvirkni að vera raunveruleg en vandséð er að það verði raunin skv. þeim athugasemdum sem liggja fyrir.

Fyrir hönd Barnaverndar Reykjavíkur,

Sigríður María Jónsdóttir

Lögfræðingur